

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/14/11

frá 20. apríl 2009

um tæknilegar viðmiðunarreglur vegna innleiðingar á fjárhagslegri tryggingu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 2798)

(2009/335/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB frá 15. mars 2006 um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og um breytingu á tilskipun 2004/35/EB (), einkum c-lið 1. mgr. 22 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að tryggja sameiginlega stefnu meðal aðildarríkjanna þegar fjárhagslegu tryggingunni, sem um getur í 14. gr. tilskipunar 2006/21/EB, er komið á skal skilgreina sameiginlegan lágmarksgrundvöll til að reikna út trygginguna og einkum að því er varðar upplýsingar sem taka skal tillit til og reiknaðferðina fyrir trygginguna.
- 2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót í samræmi við 2. mgr. 23. gr. tilskipunar 2006/21/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkin og lögbær yfirvöld skulu byggja útreikning á fjárhagslegu tryggingunni, sem um getur í 14. gr. tilskipunar 2006/21/EB, á eftirfarandi þáttum:

- a) líklegum umhverfisáhrifum og áhrifum á heilbrigði manna sem úrgangsstöðin hefur í för með sér,
- b) skilgreiningunni á hreinsun, þ.m.t. notkun úrgangsstöðvarinnar eftir hreinsun,
- c) gildandi umhverfisstöðlum og umhverfismarkmiðum , þ.m.t. eðlissrænum stöðugleika úrgangsstöðvarinnar, lágmarkskröfum um gæði jarðvegs- og vatnsauðlinda og hámarkslosunarhraða aðskotaefna,

- d) tæknilegum ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til að ná umhverfismarkmiðum, einkum þeim sem miða að því að tryggja stöðugleika úrgangsstöðvarinnar og takmarka umhverfistjón,
- e) þeim ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til að ná markmiðum við lokun og eftir lokun, þ.m.t. hreinsun lóðarinnar, meðhöndlun eftir lokun og vöktun ef þörf krefur og, ef við á, ráðstöfunum til að endurreisa líffræðilega fjölbreytni,
- f) áætluðum tímamörkum áhrifa og nauðsynlegum ráðstöfunum til að draga úr áhættu,
- g) mati á nauðsynlegum kostnaði til að tryggja hreinsun lóðarinnar, lokun og ráðstafanir eftir lokun, þ.m.t. möguleg vöktun eftir lokun eða meðhöndlun aðskotaefna.

2. Óháðir þriðju aðilar með tilskilin starfsréttindi skulu vinna matið sem um getur í g-lið og þeir skulu taka tillit til möguleikans á því að ófyrirséð lokun fari fram eða lokun fari fram of snemma.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. apríl 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 101, 21.4.2009, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 43, 2.8.2012, bls. 61.

(¹) Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 15.